

## Veltusundurliðun eftir atvinnugreinum

Eyðublað RSK 10.09 (virðisaukaskattsskýrsla – gíróseðill) er nú tvískipt. Efri hlutinn er nákvæmlega eins og áður, en neðri hlutinn geymir viðbótareyðublað til útfyllingar af þeim sem hafa með höndum fjölþættan rekstur.

**Peir sem stunda rekstur í einni atvinnugrein þurfa aðeins að fylla út og skila efri hluta eyðublaðsins, þ.e.a.s. skýrsluhlutanum (gíróhlutanum). Þeir skulu rífa neðri hlutann frá og geta hent honum.**

**Peir sem stunda rekstur í fleiri en einni atvinnugrein eiga hins vegar einnig að fylla út og skila neðri hluta eyðublaðsins, sem ætlaður er til sundurliðunar eftir atvinnugreinum á skattskyldri og undanþeginni veltu samkvæmt reitum A, B og C á gíróhlutanum.**

Þessara upplýsinga um veltusundurliðun er óskað vegna þarfa hagskýrslugerðar í landinu, en mikil eftirspurn er eftir haldgóðum upplýsingum um veltu og veltubreytingar eftir atvinnugreinum, bæði frá opinberum aðilum og ekki síður frá fyrirtækjunum sjálfum við mat á markaðshlutdeild og þróun markaðarins. Þjóðhagsstofnun áformar að vinna úr þessum upplýsingum á þann hátt að ekki verði unnt að rekja upplýsingar um einstök fyrirtæki, aðeins atvinnugreinar í heild, og birta þær jafnóðum þannig að fá megi skjótfengnar vísendingar um þróunina í hverri grein. Þess er því vænst að þeir sem stunda fjölþættan rekstur bregðist vel við þessari málaleitan.

Í fyrsta dálki sundurliðunarinnar á að lýsa tegund

viðkomandi atvinnugreinar, í annan dálk á að færa viðkomandi atvinnugreinarnúmer samkvæmt flokkun Hagstofu Íslands (ÍSAT95) og í aftasta dálki á að tilgreina veltufjárhæð (án vsk.) í greininni. Fjöldi línuútfyllinga fer eftir fjölda atvinnugreina. Í fyrstu línu hefur verið foráritað heiti og númer atvinnugreinar samkvæmt skráningu í virðisaukaskattsskrá, en stefnt er að því að forárita upplýsingar um viðbótarstarfsemi í framtíðinni.

Samtala veltu eftir atvinnugreinum á að öllu jöfnu að stemma við samtölu reita A+B+C samkvæmt gíróhluta eyðublaðsins. Á þessu geta verið undantekningar vegna milliveltu innan fyrirtækis, það er ef ein deild fyrirtækis selur annarri deild í annarri atvinnugrein en innan sama fyrirtækis. Til þess er mælt að millivelta af þessu tagi sé talin með í veltu viðkomandi atvinnugreinar en komi einnig fram sem sérstakur frádráttarliður þannig að samtala sundurliðunar stemmi við reiti A+B+C samkvæmt gíróhlutanum. Ekki þarf að aðgreina stoðstarfsemi sérstaklega heldur telst hún til þeirrar atvinnugreinar sem hún þjónar. Með stoðstarfsemi er átt við starfsemi ýmissa stoðeilda innan fyrirtækis, sem ekki veita þjónustu eða framleiða vöru til sölu utan þess, t.d. bókhalds-, sölu- eða birgðadeild. Sé um að ræða fleiri atvinnugreinar en eyðublaðið rúmar þá er þess óskað að viðbótarsundurliðun sé skilað á eigin bréfsefni viðkomandi fyrirtækis.

Veltusundurliðuninni skal skila með gíróhlutanum. Upplýsinga um ÍSAT-númer má afla hjá Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun eða ríkisskattstjóra.

VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA